

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í júnimánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, er gildi 5 ár í senn. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öll um þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

A R Ð S K R Á

fyrir Veiðifélag Miðfirðinga, Húnavatnssýslu.

Samkvæmt mati yfirmatsmanna hinn 3. júlí 1962.

Litli-Ós	50 einingar
Stóri-Ós	148 —
Saurar	30 —
Ytri-Reykir	27 —
Syðri-Reykir	27 —
Efri-Torfustaðir	10 —
Neðri-Torfustaðir	20 —
Urriðaá	7 —
Bjarg	53 —
Bjargshóll	12 —
Uppsálar	13 —
Litli-Bakki	14 —
Barkarstaðir og Sel	61 —
Skárastaðir	10 —
Núpsdalstunga	76 —
Efri-Núpur	30 —
Þverá	7 —

Fosskot	8 einingar
Neðri-Núpur (syðri)	6 —
Neðri-Núpur (ytri)	25 —
Torfastaðir	6 —
Haugur	12 —
Litli-Hvammur	21 —
Litla-Tunga	84 —
Giljaland	7 —
Skeggjastaðir	25 —
Dalgeirsstaðir	17 —
Lækjarbær	6 —
Afréttarlandið Húsheiði	1 —
Húkur	19 —
Kollufoss	26 —
Huppahlíð	22 —
Brekkulækur	137 —
Króksstaðir	52 —
Staðarbakki	48 —
Melstaður	50 —
Barð	43 —
Sandar	60 —

Samtals 1270 einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1963.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskiræktarfélag Langár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélag Langár. Heimili þess og varnarþing er Mýrasýsla.

2. gr.

Verkefni félagsins eru að vinna að fiskirækt með þeim ráðum, sem tiltæk eru á hverjum tíma.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Langá og Urriðaá í Mýrasýslu, en þær eru þessar, sem eiga land að Langá: Grenjar, Hvítsstaðir, Háhóll, Langárfoss, Leirulækur, og Lambastaðir í Álftaneshreppi, Rauðanes, Ánabrekka, (ásamt Laufási og Álfgerðarholti), Jarðlangsstaðir, Stangarholt og Litlafjall í Borgarhreppi og af-
réttarlönd frá Álftaneshreppi og Borgarhreppi, lönd að Urriðaá auk sumra fyrr-